

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. samþykktarinnar:

1. Fyrirsögn greinarinnar breytist og orðast svo: *Kjör forseta og varaforseta*.
2. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Orðið „menningar-“ í 5. mgr. 32. gr. samþykktarinnar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. samþykktarinnar:

1. Við B-lið bætist nýr 2. tl., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi og uppfærast númer eftirkomandi töluliða í samræmi við það: *Menningarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara samkvæmt gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
2. 8. tl. C-liðar fellur brott og uppfærast númer eftirkomandi töluliða í samræmi við það.
3. 1. tl. E-liðar breytist og orðast svo: Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar skulu vera þrjú talsins og starfa á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Sandvíkurhreppi. Hvert hverfisráð skal skipað þremur fulltrúum, einn þeirra skal kjörinn formaður, og þremur varamönnum kosnum á aðalfundi hverfisráða. Fulltrúar í hverfisráð eru kosnir til tveggja ára í senn. Að auki skipar bæjarstjórn tvo fulltrúa til setu á fundum hvers hverfisráðs sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi, samkvæmt samþykktum fyrir hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar, þeir skulu kosnir til fjögurra ára í senn.
4. 3. tl. E-liðar breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn: *Viðbragðsteymi Sveitarfélagsins Árborgar*. Viðbragðsteymi Sveitarfélagsins Árborgar skal skipað þremur fulltrúum og þremur til vara samkvæmt erindisbréfi fyrir ráðið.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

1. a-liður 1. gr. viðauka 1.4 breytist og orðast svo: Verkefni sveitarfélagsins, skv. reglugerð nr. 907/2005, um daggæslu barna í heimahúsum, þ.m.t. tryggja að höfð sé umsjón og innra eftirlit með starfsemi dagforeldra og veiting umsagna um umsóknir um leyfi til daggæslu í heimahúsum.
2. f-liður 5. gr. viðauka 1.13 breytist og orðast svo: Beiðnir um sérstaka aðstoð og þjálfun leik- og grunnskólabarna.
3. g-liður 5. gr. viðauka 1.13 breytist og orðast svo: Beiðnir um greiningu barna á leik- og grunnskólastigi.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 10. júlí 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 24. júlí 2026